

Fimmtudaginn 1. apríl 1993.

Nr. 362/1990. **Friðrik Magnússon**
(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.)

gegn

AJS heildverslun hf.

(Gísli Baldur Garðarsson hrl.).

Greiðsla. Fyrningu hafnað.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. október 1990. Hann gerir þær dómkröfur, að allar kröfur sínar fyrir héraðsdómi verði teknar til greina. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrirtækið J. Þorláksson & Norðmann hf., stefnandi máls þessa í héraði, framseldi hinn 1. október 1991 dómkröfu sína á hendur áfrýjanda til A. Jóhannssonar & Smith hf. til fullrar eignar og umráða. Hinn 18. apríl 1992 var nafni þess félags breytt í AJS heildverslun hf. Er aðild málsins breytt samkvæmt framansögðu.

Eins og lýst er í hinum áfrýjaða dómi, var áfrýjandi í föstum viðskiptum við J. Þorláksson & Norðmann hf. um árabíl. Á viðskiptayfirliti frá fyrirtækinu sést, að áfrýjandi hefur tekið út vörur í apríl 1987, og fyrir dómi staðfesti áfrýjandi, að hann hefði verið þar í reikningsviðskiptum árið 1987. Verður því ekki fallist á það, að krafa stefnda sé fyrnd, sbr. 1. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem, greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Friðrik Magnússon, greiði stefnda, AJS heildverslun hf., 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. september 1990.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. þ. m., höfðaði Gísli Baldur Garðarsson hrl., Pósthússtræti 13, Reykjavík, f. h. J. Þorlákssonar & Norðmann hf., kt. 670169-7079, Suðurlandsbraut 20, Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 23. maí 1989, gegn Friðriki Magnússyni, kt. 271050-2249, Kambuvegi 1, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða 592.595 kr. ásamt [nánar tilgreindum vöxtum].

Til vara er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 520.856 kr. ásamt vöxtum, svo sem krafist er í aðalkröfu.

Þá er gerð krafa um greiðslu málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ, sem beri dráttarvexti frá og með 15. degi eftir dómsuppsögu.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda í máli þessu og að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað að mati réttarins, er beri vexti samkvæmt ákvæðum III. kafla 1. nr. 25/1987.

Leitað hefur verið um sáttir í málinu án árangurs.

Málavextir, málsástæður og lagarök stefnanda.

Í stefnu er málavöxtum lýst á þá leið, að 25. janúar 1985 hafi stefndi greitt fyrir vörukaup sín hjá stefnanda, sem reki heildverslun og smásöluverslun í Reykjavík, með tveimur víxlum, samtals að fjárhæð 200.000 kr. Annar víxillinn sé samþykktur af Jóni B. Friðrikssyni, að fjárhæð 80.000 kr., og hinn af Kristþóri B. Helgasyni, að fjárhæð 120.000 kr. Báðir víxlarnir séu út gefnir af Kristjáni Friðrikssyni, Torfufelli 48, og framseldir af útgefanda.

Víxlarnir hafi báðir fallið á gjalddaga, og innheimtumál hafi verið höfðuð til greiðslu þeirra. Kristján Friðriksson, útgefandi víxlanna, sé gjaldþrota, en Jón B. Friðriksson og Kristþór B. Helgason hafi báðir lýst sig eignalaus í fógetarétti Reykjavíkur. Þess vegna sé nú nauðsynlegt að krefja stefnda um greiðslu víxlanna ásamt vöxtum og kostnaði, sem af innheimtu þeirra hafi leitt.

Samkvæmt heimild í vaxtalögum hafi dráttarvextir verið lagðir við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta skipti 30. ágúst 1986 (sic).

Stefnandi sundurliðar kröfu sína miðað við 30. ágúst 1988 svo:

Víxill samþykktur af Jóni B. Friðrikssyni.

Innlausnarverð víxils	kr. 83.052
Dráttarvextir til 30. 8. 1988	— 137.965
Kostnaður lögmanns	— 29.050
Söluskattur	— 2.016

Samtals kr. 252.083

Víxill samþykktur af Kristþóri B. Helgasyni.

Höfuðstóll víxils	kr. 129.000
Dráttarvextir til 30. ágúst 1988	— 170.839
Kostnaður lögmanns	— 37.961
Söluskattur	— 2.712
	<hr/>
	Samtals kr. 340.512

Samtals nemi krafa vegna þessara tveggja víxla 592.595 kr., þ. e. stefnu-
fjárhæðinni. Verði ekki fallist á, að stefnda beri að greiða málskostnað
vegna víxilmálanna, er gerð krafa um greiðslu höfuðstóls og vaxta í vara-
kröfu.

Málsástæður stefnanda eru þær, að stefndi hafi afhent stefnanda víxlana
tvo til greiðslu á skuld sinni vegna vörukaupa, en þar sem samþykkjendur
og útgefandi víxlanna séu gjaldþrota og eignalausir, beri stefnda að greiða
víxlana að fullu auk vaxta og kostnaðar, sem af innheimtu þeirra hafi leitt.

Um rökstuðning fyrir kröfum stefnanda er vísað til reglna kröfuréttar
um efndir loforða og samninga og reglna bótaréttar um efndabætur.

Málsástæður og rökstuðningur stefnda.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að stefndi, sem er pípulagninga-
meistari, hafi á árunum 1984/1985 unnið við pípulagningavinnu, m. a. fyrir
Kristján Friðriksson vegna húsbýggingaframkvæmda hans. Vegna þessara
starfa hafi Kristján stofnað til verulegra skulda við stefnda, bæði vegna
vinnu og efnisúttektar, m. a. hjá stefnanda. Í ársbyrjun 1985 hafi Kristján
Friðriksson, en ekki stefndi, farið til stefnanda og greitt inn á viðskipta-
skuld stefnda hjá stefnanda, sem stofnast hafði til vegna áður nefndra
verkframkvæmda, og sé ótölusett kvittun, sú sem lögð er fram sem dskj.
3, ekki gefin stefnda, heldur nefndum Kristjáni.

Stefnandi muni hafa tekið við greiðslum frá Kristjáni Friðrikssyni,
300.000 kr., þ. e. í peningum 100.000 kr. ásamt tveimur víxlum, öðrum
að fjárhæð 120.000 kr., en hinum að fjárhæð 80.000 kr. Stefnandi hafi
tekið við greiðslum þessum án nokkurs fyrirvara og án vitundar stefnda
eða í samráði við hann. Verði því að líta svo á, að stefnandi hafi tekið
við peningum og víxlum sem fullnaðargreiðslum og á eigin ábyrgð um
greiðslu eða greiðslufall víxlanna, ella hefði hann að sjálfsögðu krafist
nafnárítunar stefnda á víxlana sem ábyrgðarmanns.

Í skjölum málsins komi fram, að stefnandi hafi réttilega snúið sér beint
að samþykkjendum og útgefanda víxlanna, en hafi ekki bakfært þá á
viðskiptareikning stefnda hjá stefnanda, þar sem víxlar þessir hafi verið
stefnda óviðkomandi.

Verði ekki fallist á þessi sjónarmið stefnda, beri að líta til þess, að við-

skipti þau, sem málið er af risið, virðist hafa átt sér stað á milli aðila á árinu 1984. Allar kröfur stefnanda í máli þessu á hendur stefnda séu því fyrndar, og sé sama, hvort miðað sé við, að upphafstími fyrningar sé um áramót 1984-1985, 25. janúar 1985 eða 8. mars 1985, því að stefna í máli þessu sé ekki birt fyrr en 23. maí sl., rúmum fjórum árum eftir áður-greindan upphafstíma fyrningar.

Niðurstaða.

Við aðalflutning málsins gáfu skýrslu fyrir dóminum þeir Hjörtur Örn Hjartarson, framkvæmdastjóri stefnanda, og stefndi.

Um nokkurra ára skeið átti stefndi viðskipti við stefnanda, þar á meðal á árunum 1984-1987.

Fram kom hjá stefnda, sem vefengir ekki að hafa fengið reikningsyfirlit frá stefnanda, að hann hafi skuldað stefnanda fyrir vöruúttektir vegna verks fyrir Kristján Friðriksson. Skuld þessa kvaðst stefndi upphaflega hafa greitt með víxlum, sem Kristján Friðriksson hafi verið greiðandi að. Þeir víxlar hafi farið í vanskil, og þá kvaðst stefndi hafa óskað eftir því við Kristján Friðriksson, að hann gerði upp sín mál og greiddi víxlana. Í framhaldi af því hafi Kristján Friðriksson afhent stefnanda víxlana tvo, sem málið er af risið.

Þegar fullreynt var, að víxlarnir, sem Kristján Friðriksson afhenti stefnanda, fengust ekki greiddir, raknaði greiðsluskylda stefnda við, þar sem þá var ljóst og fyrr ekki, að greiðsla á skuld stefnda við stefnanda fengist ekki með víxlunum.

Með vísan til þess, sem fram kemur í fram lögðu reikningsyfirliti um viðskipti málsaðila árið 1987, og svo þess, að stefndi viðurkenndi fyrir dómi að hafa staðið í viðskiptum við stefnanda á árunum 1984-1987, verður ekki á þá málsástæðu stefnda fallist, að skuldin sé fyrnd.

Við tilraunir til innheimtu víxlanna varð stefnandi fyrir útgjöldum, sem stefnda ber að bæta stefnanda.

Niðurstaða málsins verður því sú, að aðalkrafa stefnanda, sem ekki hefur verið tölulega vefngd, verður tekin til greina.

Málskostnaður ákveðst 100.000 kr., sem beri dráttarvexti samkvæmt l. nr. 25/1987 frá og með 15. degi eftir uppsögu dóms þessa.

Auður Þorbergsdóttir borgardómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Friðrik Magnússon, greiði stefnanda, J. Þorlákssyni & Norðmann hf., 592.595 kr. ásamt 56,4% ársvöxtum frá 30. ágúst 1988 til 1. sept. 1988, 49,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. okt. 1988, 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóv 1988, 27,6% ársvöxtum frá

þeim degi til 1. des. 1988, 24% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1989, 21,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1989, 24% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1989, 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. maí 1989, 38,4% ársvöxtum frá þeim degi til þingfestingardags, 8. júní 1989, en með dráttarvöxtum skv. III. kafla 1. nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags og 100.000 kr. í málskostnað, sem beri dráttarvexti samkvæmt 1. nr. 25/1987 frá og með 15. degi eftir uppsögu dómsins. Greiðslur samkvæmt dómi þessum greiðist innan fimmtán daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.
